

Tilkynning til ríkislögreglustjóra um meint brot á þagnarskyldu skv. 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið vísaði þann 7. september 2009 máli vegna meintra brota á þagnarskyldu skv. 2. mgr. 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (ffl.), vegna upplýsinga sem birtust á vefsíðunni wikileaks.org þann 31. júlí 2009, til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra og óskaði eftir að uppruni lekans yrði rannsakaður. Nýi Kaupþing banki hf. hafði áður kært málið til Fjármálaeftirlitsins.

1. mgr. 58 gr. ffl. fjallar um þagnarskyldu þeirra sem starfa hjá eða taka að sér verk í þágu fjármálafyrirtækis og varðar vitneskju um viðskipta- og einkamálefni viðskiptamanna þess. Í 2. mgr. sömu greinar segir að sá sem veitir upplýsingunum viðtöku sé bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þeir sem tilgreindir eru í 1. mgr. greinarinnar og að sá sem veitir upplýsingarnar skuli áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

Í málinu sem um ræðir var birt glærुकynning Kaupþings banka hf. sem unnin var fyrir stjórnarfund bankans þann 25. september 2008 og er í kynningunni að finna yfirlit yfir viðskiptavinum bankans með skuldbindingar yfir 45 milljónir evra.

Fjármálaeftirlitið taldi rétt að dómstólar mætu hvort aðstæður í málum þessum væru með þeim hætti að þær réttlættu brot þar sem brotin vörðuðu bæði ríka almannahagsmuni sem og einkahagsmuni, þ.e. annars vegar tjáningarfrelsi og hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og hins vegar friðhelgi einkalífsins og trúverðugleika fjármálakerfisins.

Þann 8. október 2009 framsendi ríkissaksóknari málið til embættis sérstaks saksóknara þar sem það var talið eiga undir starfssvið síðarnefnda embættisins. Þann 3. desember 2009 ákvað embætti sérstaks saksóknara að rannsókn málsins yrði hætt þar sem ekki þótti grundvöllur til að halda henni áfram.